

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps er fyrirtæki, sem Snæfjallahreppur og Nauteyrarhreppur starfrækja í heim tilgangi að veita raforku um hreppana og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Snæfjalla og hafa sérstakt reikningshald.

Rafveitunni skal heimilt til bráðabirgða, á meðan rafvæðingu Nauteyrarhrepps er ekki lokið, að hafa aðskilið reikningahald fyrir hvort hreppsfélag.

Skulu aðilar gera með sér samning um eignarhlutdeild, réttindi, skyldur og annað, er snertir sameign þessa. Samningur þessi öðlast gildi, þegar hann hefur verið staðfestur af stjórnarráðinu.

2. gr.

Verksvið og orkusvæði.

Rafveita Snæfjalla vinnur raforku í orkuveri sínu við Mýrará, svo og öðrum orkuverum, sem hún kann að reisa í sama tilgangi, eða kaupir raforku af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Snæfjallahreppur og Nauteyrarhreppur, eða sá hluti þeirra og nágrennis, sem hreppsnefndirnar kunna að ákveða og ráðherra samþykkir.

Rafveita Snæfjalla hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála, rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps er í höndum hreppsnefndanna eins og samningur milli þeirra kveður á um.

Framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hún ræður að fengnu samþykki hreppsnefndanna, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem Rafmagnsseftirlit ríkisins samþykkir.

Í rafveitunefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af hreppsnefndunum á þann hátt, er fyrrnefndur samningur milli þessara aðila segir til um.

Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefndunum þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning fyrir hreppsnefndir til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppanna.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefndir skulu staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefnda um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu, og annast allar framkvæmdir allra raforkumála fyrirtækisins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur og eftirlit með rafmagnslagningu á orkusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem rafveitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

Fela má rafveitunefnd hreppsins framkvæmdir samkvæmt þessari grein eftir því sem þörf krefur eða henta þykir.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Snæfjalla hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til þess að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjur, sem umfram kunna að verða renna í varasjóð. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Raflagningareglur.

Öll tæknistörf, sem unnin eru við rafveituna, skulu framkvæmd í samræmi við þær kröfur, sem Rafmagnseftirlit ríkisins gerir um framkvæmd slíkra starfa, og reglur sem það setur um þau.

B. SÖLUSKILMÁLAR

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Snæfjalla, selur raforku til almenningsþarfa á orkusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Raforkan er selð sem einfasa riðstraumur með 220 volta málsþennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimaug.

Umsókn um heimaug eða breytingu á heimaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar. Heimaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimaugagjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindinga umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því sem ákveðið er í reglum um raflagnir á orkuveitusvæðinu, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur strauminn á, og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða í hvert sinn fyrir notkun þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksárgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitunnar.

13. gr.**Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.**

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóri hefur eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallana á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hiruðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá. vegna kostnaðar við auknið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir þörfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, og reglugerðum Rafveitu Snæfjalla.

14. gr.**Mælitæki.**

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Notandi leggur til öll mælitæki og annast venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Rafveitunni er þó að sjálfsögðu heimilt að hafa eftirlit með tækjum þessum hverju sinni, og þarf samþykki hennar til þess, að skipt sé um tæki eða ný sett, enda reiknað með því að rafveitan annist útvegum mælitækja fyrir notendur.

Gerist hins vegar rafveitan eigandi mælitækjanna, færast endurnýjunar- og viðhaldsskyldan yfir á hana. Verði þá mælitæki notanda fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess og endurnýjun.

2. Ef notandi óskar að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/\div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-
eftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða ef skekkjan reynist minni en $+/\div 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $+/\div 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leið-
réttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og þeim upp-
lýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en þrjá mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil, og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrá-
lið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til þess að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undireins og vitað er.
6. Verði uppvíst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verði óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurfekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalds, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforka er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og kafið er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga og tilhögun á innheimtu má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald yrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfur, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lög taki:

- a) Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega viðvörðun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
- b) Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- c) Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd.
2. Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá.
3. Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til þess að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir því að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald skv. gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun skv. 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem síðar segir um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá hú sveitum rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimitaugar er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, en þó eiga notendur enga

skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvara-laust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann, að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráða-birgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitunefnd leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á. Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á skrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefndir samþykkja og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitunefndar og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndanna.

C. ALMENN ÁKVÆÐI.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps nr. 225 12. desember 1963.

Iðnaðarráðuneytið, 15. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMPYKKT**um sveitarstjóra í Ölfushreppi í Árnassýslu.****1. gr.**

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubríf hreppsins, verðbréf